



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Bæjarráð Garðabæjar

Gunnar Einarsson
Ráðhús Garðabæjar
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Kópavogi, 9. desember 2020
2012003 PBG/HH

Efni: Stafrænt ráð sveitarfélaga

Á fundi stjórnar SSH hinn 7. desember var stafrænt ráð sveitarfélaga til umræðu.
Eftirfarandi var bókað:

Stafrænt ráð sveitarfélaga/ málsnr. 2012003

Kynning á starfi stafræns ráðs sveitarfélaga, fyrirliggjandi tillögum ráðsins og næstu skrefum í vinnu þess. Gestur fundarins undir þessum lið er Áslaug Hulda Jónsdóttir, fulltrúi SSH í stafrænu ráði sveitarfélaga. Áslaug Hulda Jónsdóttir kynnir framangreint, en fyrirliggjandi eru tillögur um stofnun miðlægs tækniteymis Sambands íslenskra sveitarfélaga og er ráðgert að kostnaður vegna þess skiptist milli sveitarfélaga.

Niðurstaða fundar:

Framangreindu er vísað til umræðu og afgreiðslu á vettvangi aðildarsveitarfélaganna með tilheyrandi kynningu, verði óskað eftir því af hálfu sveitarfélaganna.

Óskað er eftir því að ofangreint verði tekið til efnislegrar umræðu og afgreiðslu.
Afgreiðsla málsins óskast send á ssh@ssh.is.

Virðingarfyllst,

Páll Björgvin Guðmundsson
framkvæmdastjóri SSH

Meðfylgjandi gögn:

- 1) Tölvupóstur Áslaugar Huldu Jónsdóttur til framkvæmdastjóra aðildarsveitarfélaga SSH og framkvæmdastjóra SSH, 27.11.2020.
- 2) Erindisbréf fyrir stafrænt ráð sveitarfélaga, dags. 08.10.2020.
- 3) Fjármögnun sameiginlegra starfrænna verkefna, glærukynning dags. 18.11.2020.
- 4) Tillaga um skiptingu fasts kostnaðar vegna stafræns teymis sveitarfélaga.